

xxx. löggjafarþing 2026.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um Bygðastofnun.

Frá innviðaráðherra.

I. KAFLI Kaflafyrirsögn.

1. gr.

Hlutverk.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- Lokamálsliður 2. mgr. fellur brott.
- Á eftir orðinu „*atvinnuráðgjöf*“ í 3. mgr. koma orðin: og atvinnu og byggðaðróun.
- Í stað orðsins „*atvinnuþróunarfélög*“ í 3. mgr. koma orðin: landshlutasamtök sveitarfélaga.
- Við 6. mgr. bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi: Verkefni pósthjónustu skulu vera aðskilin öðrum verkefnum stofnunarinnar og við eftirlit með pósthjónustu er stofnunin sjálfstæð gagnvart ráðherra í skilningi laga um Stjórnarráð Íslands. Póstmálefni heyra ekki undir stjórn stofnunarinnar.
- Við 2. gr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: Í samráði við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál leggur Bygðastofnun mat á framvindu sóknaráætlana landshluta og hefur eftirlit með fjárreiðum þeirra. Bygðastofnun tekur þátt í gerð og framkvæmd byggðaaætlunar og fylgist með árangri hennar í samstarfi við ráðuneytið á grundvelli gagna um þróun byggðamála.

2. gr.

Ársfundur og stjórn.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- Í stað orðsins „sjö“ í fyrri hluta 1. málslíðar 2. mgr. kemur orðið: fimm.
- Í stað orðsins „sjö“ í seinni hluta 1. málslíðar 2. mgr. kemur orðið: tvo.

3. gr.

Verkefni stjórnar.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

1. töluliður fellur brott.
- Í stað 8. tölul. kemur nýr tölul., svohljóðandi: Að setja reglur um störf lánanefndar Bygðastofnunar, eins og skipun í lánanefndina, um útlánareglur, hlutafé, veð, skuldbreytingar, afskriftir, sölu fullnustueigna, þátttöku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum í samræmi við verklagsreglur sem stjórn setur o.fl.

- c. Í stað 3. másl. 10. tölul. koma tveir nýir másl., svohljóðandi: Stjórn skal einungis taka ákvarðanir um lán- og ábyrgðarveitingar sem eru verulegar eða fela í sér nýmæli, vafamál eða stefnumarkandi mál samkvæmt nánari reglum sem stjórn setur. Reglur stjórnar Byggðastofnunar um lán, ábyrgðarveitingar og hlutafjárviðskipti skulu hafa hlotið staðfestingu ráðherra áður en þær öðlast gildi.

4. gr.

Verkefni forstjóra.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. tölul 1. mgr. kemur nýr töluliður sem verður 2. tölul., svohljóðandi: Ákveður skipurit stofnunarinnar og ræður staðgengil sinn.
- b. a. liður 2. tölul. 1. mgr. fellur brott og breytast aðrir töluliðir í samræmi við það.

5. gr.

Rannsóknir á atvinnu- og byggðaðróun.

Á eftir 1. másl. 8. gr. bætist við nýr másl., svohljóðandi: Stofnunin vinnur að því að efla jákvæða byggðaðróun með markvissum rannsóknum sem stuðla að hlutlægri og faglegri umræðu og leiða til betri stefnumótunar og ákvörðunartöku.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:

- a. Í stað orðsins „*atvinnuþróunarfélög*“ í 1. mgr. og 3. mgr. koma orðin: landshlutasamtök sveitarfélaga.
- b. Í stað 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf-, atvinnu- og byggðaðróun skapa grundvöll fyrir samstarfi innan atvinnu- og byggðaðróunar í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði, samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi: Stofnunin skal í samstarfi við aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinna þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að efla og styðja atvinnulíf og nýsköpun í byggðum landsins með árangursríkri og skilvirkri atvinnuráðgjöf og stuðningi á grunni svæðisbundinna styrkleika og stuðla að betri nýtingu fjármuna.
- d. Fyrirsögn ákvæðisins verður: *Atvinnu- og byggðaðróun.*

7. gr.

Fjármögnun verkefna.

Í stað orðsins „*atvinnuþróunarfélögum*“ í 10. gr. koma orðin: landshlutasamtökum sveitarfélaga.

8. gr.

Veiting lána og ábyrgða.

4. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Þagnarskylda

Í stað 18. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Á starfsfólki Byggðastofnunar hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnsýslulaga.

Þagnarskylda gildir einnig um stjórn Byggðastofnunar og þá sem sinna verkefnum fyrir stofnunina en eru ekki starfsmenn hennar.

Byggðastofnun er heimil vinnsla persónuupplýsinga sem aflað er m.a. í tengslum við vinnslu lánsúmsókna, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum og ákvæðum annarra laga og að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Stofnunin skal tryggja að fyllsta öryggis sé gætt við sendingu og meðferð upplýsinga, og gera aðrar öryggisráðstafanir til samræmis við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Þá skal stofnunin gæta ákvæða laga um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á.

Sama gildir við vinnslu persónuupplýsinga vegna annarra verkefna Byggðastofnunar.

Fyrirsögn greinarinnar verður: *Þagnarskylda og vernd persónuupplýsinga.*

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði til bráðabirgða fellur úr gildi.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í innviðaráðuneytinu í samvinnu við Byggðastofnun.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar frá desember 2024 er lögð áhersla á að hagræða, einfalda stjórnsýsluna og sameina stofnanir. Þá er einnig lögð á það áhersla að bæta eigi samskipti ríkis og sveitarfélaga og treysta stöðir hinna dreifðu byggða. Byggðastofnun er lykilstofnun þegar kemur að hinum dreifðu byggðum og hefur verið svo frá árinu 1985 þegar stofnunin tók til starfa með lögum nr. 64/1985.

Í þessu ljósi tók ráðuneytið til skoðunar hvort hægt væri að leggja niður stjórn Byggðastofnunar í hagræðingarskyni. Við þá skoðun kom í ljós að samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sem stofnunin er bundin af, þá er það ekki hægt enda er Byggðastofnun lánastofnun að hluta. Þá er brýnt að tryggja stofnunina í sessi sem sjálfstæða einingu á landsbyggðinni og þar með nauðsynlega byggðafestu, ekki síst þar sem hlutfall ríkisstarfa á höfuðborgarsvæðinu er 70% þrátt fyrir að þar búi aðeins 64% landsmanna. Hins vegar hefur legið fyrir í lengri tíma að margt má bæta í lögum um Byggðastofnun nr. 106/1999 enda rúmlega 25 ár liðin síðan þau tóku gildi þann 1. janúar árið 2000. Lögunum hefur verið breytt átta sinnum á þessu tímabili, nú síðast árið 2021 þegar málefni póstsins voru færð yfir til stofnunarinnar en ekki hefur gefist ráðrúm til að uppfæra lögin í heild sinni.

Í maí 2025 var haldinn fundur með Eftirlitstofnun EFTA þar sem farið var yfir stjórnsýslu póstmála. Þar reifaði Eftirlitsstofnunin m.a. það álit sitt að sú lagaumgjörð sem gildir um Byggðastofnun væri þess eðlis að Eftirlitsstofnunin gæti ekki séð að Byggðastofnun væri

nægilega sjálfstæð stofnun til að sinna eftirliti með pósthjónustu. Þessu var andmælt af hálfu íslenskra stjórnvalda. Til að koma til móts við sjónarmið Eftirlitstofnunar EFTA var talið rétt að skerpa á þessu með því að leggja til lagabreytingu.

Framangreindir þættir leiddu til þess að ráðuneytið hóf vinnu við gerð þessa frumvarps í samstarfi við Bygðastofnun.

Til stóð að leggja frumvarp þetta fram að hausti á 157. löggjafarþingi sem stjórnarfrumvarp en fallið var frá því vegna fjölda frumvarpa sem lá þegar fyrir.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í ljósi aldurs laganna og þeirra samfélagsbreytinga sem hafa átt sér stað síðan þeim var síðast breytt er nauðsynlegt og fullt tilefni til að bæta úr annmörkum á lögunum sem hér eru til umfjöllunar. Þannig var hér á árum áður notast við orðið landshlutasamtök sveitarfélaga í VI. kafla laga um Framkvæmdastofnun ríkisins nr. 97/1976 en kaflinn fjallar um Bygðasjóð en með lögum um Bygðastofnun árið 64/1985, sem kom í stað VI. kafla fyrrgreindra laga, hvarf það orð úr lögunum svo sem getið verður nánar um síðar. Í staðinn var farið að notast við hugtakið atvinnuþróunarfélög. Í dag er þessu öfugt farið og á ný er hætt að nota hugtakið atvinnuþróunarfélög og farið að nota hugtakið landshlutasamtök sveitarfélaga á ný.

Þá er nauðsynlegt að samræma hlutverk stjórnar Bygðastofnunar við hlutverk stjórna annarra lánastofnana/fjármálafyrirtækja auk þess sem lagt er til að stjórnarmönnum verði fækkað í lágmarksfjölda stjórnarmanna og varamönnum fækkað einnig. Allt er þetta gert í samræmi við kröfur sem gerðar eru í lögum um fjármálafyrirtæki auk þess sem fækkun stjórnarmanna er gerð í hagræðingarskyni sem er í samræmi við áherslur ríkistjórnarinnar.

Lagðar eru til breytingar á lögunum sem eiga að minnka tortryggni gagnvart eftirlitshlutverki Bygðastofnunar með pósthjónustu og koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA.

Þannig er markmið lagasetningarinnar að færa lögin í nútímalegt horf og auka tiltrú á stofnunina sem eftirlitsstjórnvald með pósthjónustu.

3. Meginefni frumvarpsins.

Á nokkrum stöðum í frumvarpinu, í 1., 6. og 7. gr. er lagt til að í stað orðsins atvinnuþróunarfélög komi orðin landshlutasamtök sveitarfélaga.

Hugtakið atvinnuþróunarfélög kom fyrst inn í lög um Bygðastofnun nr. 64/1985 en er ekki að finna í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins nr. 97/1976 en í VI. kafla þeirra laga er fjallað um Bygðasjóð sem er forveri Bygðastofnunar. Hugtakið atvinnuþróunarfélög er ekki að finna í 12. gr. frumvarps til laga um Bygðastofnun eins og það var lagt fram á 107. löggjafarþingi af forsætisráðherra árið 1984-85, sjá þingskjal 775 – 456. mál., Alþingitíðindi bls. 3092. Hugtakið virðist ekki koma fram fyrr en í tillögu til þingsályktunar um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga sem lögð var fram á sama þingi, sjá þingskjal 991 - 517. mál., Alþingistíðindi bls. 3543. Þar kemur fram á bls. 3554 að „[r]étt er að gera ráð fyrir að sett verði á fót Bygðastofnun um leið og Framkvæmdastofnun er lögð niður. Bygðastofnun ætti að vera þjónustu- og stuðningsaðili við þróunarstofur og þróunarsjóði landshluta.“ Í kjölfarið voru lagðar til breytingar á 12. gr. frumvarpsins af

meirihluta fjárhags- og viðskiptanefndar, sjá þingskjal 1059 - 456. mál, Alþingistiðindi bls. 3777 að hugtökin fjárfestingar- og þróunarfélög komu inn í 12. gr. frumvarpsins.

Í lögnum frá 1976 er hins vegar notast við orðin landshlutasamtök sveitarfélaga líkt og verið er að leggja til í dag. Hugtakið landshlutasamtök sveitarfélaga má rekja til ársins 1943 með stofnun Fjórðungsþings Austfirðinga og virðist tilgangurinn hafa verið að efla samstarf sýslna og sveitarfélaga í fjórðungnum, m.a. í ljósi fámennra sveitarfélaga á svæðinu. Getið er um landshlutasamtök sveitarfélaga í 97. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en þar kemur fram að sveitarfélögum sé heimilt að starfa saman innan staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna í hverjum landshluta og þau skuli ekki vera fleiri en átta talsins. Landshlutasamtök geta með samningum eða samkvæmt heimildum í sérlögum tekið að sér verkefni eða aðra starfsemi sem tengist hlutverki þeirra skv. 1. mgr. 97. gr. sveitarstjórnarlaga, svo sem verkefni tengd byggðapróun eða öðrum sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga. Í nýju frumvarpi til sveitarstjórnarlaga er fjallað um landshlutasamtök sveitarfélaga í 111. gr. frumvarpsins. Frumvarpið er til meðferðar á Alþingi, sjá 505. mál. Landshlutasamtök sveitarfélaga eru eign sveitarfélaganna í landinu. Þau hafa í gegnum árin tekið að sér ný verkefni og verið færð önnur með lögum svo sem byggðaáætlun og sóknaráætlun. Því fer betur á því að setja landshlutasamtök sveitarfélaga í stað atvinnuþróunarfélaga enda fellst í því meiri líkindi á því að einstök landshlutasamtök fylgi verkefni eftir og þá hafa þessi félög tekið yfir verkefni þróunarfélaga fyrir all löngu síðan.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytinga á 2. gr. laganna sem fjallar um hlutverk stofnunarinnar. Í fyrsta lagi er um að ræða orðalagsbreytingar sem þegar hefur að hluta verið gerð grein fyrir og óþarfi er að gera frekari grein fyrir hér. Í öðru lagi er um að ræða breytingu á 6. mgr. 2. gr. og svo bætist við ný málsgrein við 2. gr.

Lagt er til að tveimur másl. verði bætt við 6. mgr. 2. gr. í þeim tilgangi að auka lagalegt sjálfstæði stofnunarinnar við eftirlit í póstmálefnum en stofnunin fer með eftirlit á póstmarkaði hér á landi. Gerð verður nánar grein fyrir ákvæðinu í athugasemdum við ákvæðið sjálft.

Lagt er til að ný málsgrein bætist við 2. gr. en með málsgreininni er verið að fela Byggðastofnun að leggja mat á framvindu sóknaráætlana landshluta og jafnframt að tryggja samráð við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál auk þess að skerpa á aðkomu stofnunarinnar við gerð byggðaáætlunar.

Í 2. gr. eru lagðar til breytingar á 3. gr. laganna en þar er lögð til fækkun á stjórnarmönnum en nánar verður gerð grein fyrir ákvæðinu í athugasemdum við ákvæðið sjálft.

Í 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 4. gr. laganna sem fjallar um verkefni stjórnar. Hér er lagt til að færa orðalag til samræmis við 55. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem kveðið er á um að stjórn fjármálafyrirtækis skuli ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð fyrirtækisins án þess að breyta efnislega valdheimildum stjórnar. Kveðið er nánar á um hvaða ákvarðanir við er átt í reglum sem mælt er fyrir um í ákvæðinu sjálfu.

Í 4. gr. laganna er lögð til breyting á verkefnum forstjóra. Lagt er til að forstjóri ákveði sjálfur hvernig skipulagi stofnunarinnar sé háttað og hann velji sjálfur staðgengil sinn. Er þetta í samræmi við nútíma stjórnarhætti

Í 5. gr. er lagt til að bætt verði inn málsgrein til að efla stefnumótun stofnunarinnar, gerð verður nánari grein fyrir breytingunni í athugasemd við ákvæðið sjálft.

Lagðar eru til að breytingar í 6. gr. sem eiga að stuðla að því að efla samstarf stofnunarinnar við atvinnuráðgjöf.

Breyting á 7. gr. lýtur að því að samræma ábyrgð stjórnar við ábyrgð stjórnanna annarra fjármálafyrirtækja.

Í 9. gr. er lögð til breyting á þagnarskylduákvæði laganna auk þess sem lagt er til að persónuverndarákvæði verði sett inn í lög.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Með frumvarpinu er lagt til að uppfylltar verði þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt samningum um Evrópska efnasvæðisins, með vísan til kafla 2 um tilefni og nauðsyn lagasetningar. Með frumvarpinu eru íslensk stjórnvöld að bregðast við athugasemdum frá ESA er lýtur að sjálfstæði eftirlitsstjórnvalds.

Við samningu frumvarpsins kom til skoðunar hvort ákvæði þess færu í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944. Það var mat ráðuneytisins að svo væri ekki.

5. Samráð.

Efni frumvarpsins snertir helst Byggðastofnun sjálfa, stjórn hennar og starfsfólk. Haft var samráð við fjármálaráðuneytið við vinnslu frumvarpsins auk þess sem hluti þess er til kominn vegna yfirstandandi samtals stjórnvalda við ESA um fyrirkomulag stjórnsýslu póstmála.

Aform um samningu frumvarpsins var sett í opið samráð í Samráðsgátt stjórnvalda þann 10. til 31. júlí 2025, sjá mál nr. S-117/2025 og barst ráðuneytinu ein umsögn um áformin frá Fjórðungssambandi Vestfjarða. Fjórðungssambandið studdi breytingar á lögnum í umsögn sinni en benti jafnframt á að tilgreindur fjárlagaliður til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni hefði rýrnað verulega miðað við verðlagsþróun. Þá var gagnrýnt að áformin hefðu verið sett í samráð yfir sumarleyfistíman.

Í þeim áformum sem sett voru í samráð í júlí 2025 var gerð nokkuð ítarleg grein fyrir hvaða breytingar væru fyrirhugaðar á lögnum. Þær breytingar hafa gengið eftir í þessu frumvarpi að mestu leyti. Aðeins hefur verið fallið frá tveimur breytingum frá því að áformin voru sett í opið samráð en fallið hefur verið frá því að fastsetja það í lögum að stofnunin skuli staðsett á Sauðárkróki. Þá hefur verið fallið frá því að setja ákvæði um EIF (European Investment Fund) í frumvarpið.

Frumvarpið var birt í Samráðsgátt stjórnvalda þann... (kafla í vinnslu)

6. Mat á áhrifum.

Um er að ræða lítilsháttar breytingar á lögum um Byggðastofnun sem hafa ekki teljandi bein áhrif á almannahagsmuni heldur lúta fyrst og fremst að stofnuninni sjálfri og starfsemi hennar. Hins vegar hefur frumvarpið afleidd jákvæð áhrif á landsbyggðina þar sem styrking stofnunarinnar, hvort sem það er í formi bættrar löggjafar eða aukinna fjármuna hefur í för með sér jákvæði áhrif fyrir landsbyggðina, enda þjónar stofnunin landsbyggðinni.

Frumvarpið mun skýra heimildir og ábyrgð stofnunarinnar til að taka þátt í áætlanagerð og eftirliti á sviði byggðamála og er stofnunin vel í stakk búin til að taka að sér þau verkefni. Þá hefur eftirlit stofnunarinnar með póstmálum gengið vel fyrir sig að mati ráðuneytisins og samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA sem eru haldin árlega verið ávallt góð.

Ljóst er að ákveðinn sparnaður mun hljóta af fækkun stjórnarmanna sem Byggðastofnun mun muna um. Ekki er um umtalsverðan sparnað að ræða. Ljóst er hins vegar að frumvarpið, verði það lögum, mun ekki hafa áhrif á útgjöld ríkisins.

Sé litið til mats á jafnréttisáhrifum þá kemur í ljós að stjórn Byggðastofnunar er að meiri hluta skipuð karlmönnum. Ljóst er að jafna verður hlutfall kvenna og karla í stjórn stofnunarinnar í samræmi við lög við endurskipun í stjórn hennar. Verði frumvarpið að lögum mun skapast svigrúm til þess. Að öðru leyti er erfitt að meta áhrif frumvarpsins á öll kynin í

landinu enda er frumvarpið þess eðlis að beinast ekki beint að þjónustu við einstaka þjóðfélagsþegna heldur að stofnuninni sem slíkri.

Með frumvarpinu er verið að innleiða nýtt persónuverndarákvæði í lög um Bygðastofnun sem á að vernda persónuupplýsinga lántaka og annarra sem eiga í samskiptum við stofnunina.

Svo sem fram hefur komið er um lítilsháttar breytingar að ræða á lögum um stofnunina Bygðastofnun og því hefur frumvarpið, verði það lögum, lítilsháttar samfélags áhrif.

Talsverður ávinningur er að samþykkt frumvarpsins fyrir Bygðastofnu sem stofnun ríkisins enda brýnt að lög séu í réttu horfi.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 2. gr. laganna.

Í a. lið ákvæðisins er lagt til að lokamálsliður 2. mgr. ákvæðisins falli brott. Það eykur sjálfstæði stofnunarinnar að fjármagna verkefni sjálf án samráðs við aðra en að sama skapi er ekkert því til fyrirstöðu að fjármagna verkefni í samstarfi við aðra. Lánaflokkum stofnunarinnar hefur fjölgað mikið frá því að löggin voru sett, en þá var einungis einn lánaflokkur. Þeir eru nú fjölbreyttir og sniðnir að þörfum landsbyggðanna sem dregur úr nauðsyn á samfjármögnun.

Í b. lið er lagt til að í stað orðsins atvinnuráðgjöf í 3. mgr. komi atvinnu- og byggðaþróun. Það er mat ráðuneytisins að hugtakið atvinnuráðgjöf felist innan atvinnu- og byggðaþróun og að breytingin sé liður í að útvíkka ákvæðið.

Í c. lið er lagt til að í stað atvinnuþróunarfélög í 3. mgr. komi landshlutasamtök sveitarfélaga. Þetta hefur verið skýrt ítarlega í almennum athugasemdum og ekki ástæða til að skýra frekar hér.

Í d. lið er lagt til að tveimur nýjum málsliðum verði bætt við 6. mgr. Tilgangur þessara breytinga er að auka sjálfstæði stofnunarinnar þegar kemur að eftirliti póstmála. Eftirlitstofnun EFTA gerði við það athugasemdir að Bygðastofnun sé sérstök stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Þá sé stjórn stofnunarinnar pólitískt skipuð og hafði Eftirlitsstofnunin efasemdir um að stofnunin væri nægilega sjálfstæð gagnvart ráðherra og stjórn, þ.e. að ráðherra og stjórn gætu haft áhrif á ákvarðanir stofnunarinnar í póstmálum.

Ráðuneytið benti á að stjórn stofnunarinnar kæmi ekki að ákvörðunum í póstmálum og benti á lög og fundargerðir því til stuðnings. Þá væru allar ákvarðanir stofnunarinnar kærnanlegar til sérstakrar úrskurðarnefndar um fjarskipta- og póstmál en ekki til ráðuneytisins. Þá var á það bent að í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999, 2. mgr. 1. gr., hafi komið fram að Póst- og fjarskiptastofnun væri sjálfstæð stofnun, en undir yfirstjórn ráðherra. Því hafi ekki orðið nein breyting á færslu málaflokksins yfir til Bygðastofnunar að því undanskildu að það væri stjórn yfir stofnuninni.

Þrátt fyrir skýringar ráðuneytisins taldi Eftirlitsstofnun EFTA lög ekki vera nægilega skýr til að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar við eftirlit við pósthjónustu. Því er hér lagt til að lögbundinn aðskilnað pósthjónustuverkefna við önnur verkefni stofnunarinnar og er stofnunin sjálfstæð gagnvart ráðherra þegar hún sinnir verkefnum pósthjónustu. Það þýðir að ráðherra getur ekki gefið Bygðastofnun almenn eða sérstök fyrirmæli um starfrækslu pósthjónustu og fjárreiðum pósthjónustu. Þá er skýrt tekið fram að póstmálefni heyrir ekki undir valdsvið stjórnar Bygðastofnunar.

Loks er lagt til að bætt verði við ný málsgrein við 2. gr. Í fyrri málslið er gerð krafa á Bygðastofnun að hún hafi meiri yfirsýn yfir framvindu sóknaráætlanir landshluta. Gert er ráð fyrir að stofnunin leggi mat á áætlanirnar í samráði við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

og hafi eftirlit með fjárreiðum sóknaráætlananna. Í seinni málslið er kveðið á um aðkomu Byggðastofnunar að gerð, framkvæmd og eftirfylgni byggðaaætlunar en það er verkefni sem stofnunin hefur sinnt án lagaskyldu og í góðu samráði við ráðuneytið. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 2. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á fjölda stjórnarmanna og varamanna í stjórn Byggðastofnunar í 3. gr. laganna. Í 1. mgr. 51. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 kemur fram að stjórn lánastofnunar skuli skipuð eigi færri en fimm mönnum. Í 2. mgr. sömu greinar kemur fram að skipa skuli varamenn í stjórn fjármálafyrirtækis og varamenn í stjórn fjármálafyrirtækis skuli vera tveir hið minnsta. Í ákvæðinu er lagt til að farið verði eftir lágmarki því sem gengið er út frá í lögum um fjármálafyrirtæki út frá stærð og umfangi stofnunarinnar og til hagræðingar.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lagðar til breytingar á 4. gr. laganna um verkefni stjórnar.

Í a. lið er lagt til að í stað 8. töluliðar komi nýr töluliður sem miðar að því að setja frekari stoð undir verkefni stjórnar sem stjórn hefur nú þegar, þ.e. að setja reglur um lánanevnd Byggðastofnunar, sjá 5. kafla gildandi verklagsreglna um útlánastarfsemi Byggðastofnunar frá 26. september 2024, 17. útgáfa. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Í b. lið ákvæðisins er lagt til að í stað 3. málsliðar komi tveir nýir málsliðir. Fyrri málsliðurinn sem bætist við er til samræmis við 1. mgr. 55. gr. laga um fjármálafyrirtæki og er liður í því að heimila stjórn að bregðast við óvenjulegum lán- eða ábyrgðarveitingum sem eru veruleg eða fela í sér nýmæli, vafamál eða eru stefnumarkandi. Hér kemur fram eðlismunur á Byggðastofnun sem lánastofnun annars vegar og hefðbundinni lánastofnun hins vegar þar sem hlutverk Byggðastofnunar er í eðli sínu annað en hefðbundinna fjármálastofnanna. Þannig er hlutverk Byggðastofnunar að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna á atvinnu og búsetu svo sem fram kemur í 1. mgr. 2. gr. laga um Byggðastofnun.

Seinni málsliðurinn sem bætist við er svo til óbreyttur núverandi 3. málslið nema að því leyti að bætt hefur verið inn orðinu hlutafjárviðskipti inn í málsliðinn. Að öðru leyti er hún óbreytt frá gildandi 3. málslið.

Um 4. gr.

Með ákvæðinu er lögð til sú breyting á 6. gr. að forstjóri ákveði skipurit stofnunarinnar í stað þess að hann leggi drög að skipuriti fyrir stjórn stofnunarinnar. Þá er lagt til að hætt verði að kveða á um skipurit stofnunarinnar í reglugerð eins og nú er. Forstjóra stofnunarinnar er treyst til að reka stofnunarinnar. Eitt af tækjum forstjórans til að bregðast við breyttu rekstrarumhverfi er að breyta skipuriti stofnunarinnar. Þessi breytinga á að auka sveigjanleika forstjórans til að bregðast við breytingum hratt svo sem breyttum verkefnum eða erfiðleikum í rekstri. Þá þykir eðlilegt að forstjóri sé ekki bundinn af því í reglugerð hver sé næstráðandi og hér lagt til að ráðinn verði bót á því.

Um 5. gr.

Með ákvæðinu er lögð til breyting á 8. gr. laganna. Lagt er til að Byggðastofnun fái ítarlegri heimildir til að stuðla að jákvæðri byggðaþróun með því að efla rannsóknir sem geta þannig

orðið efniviður í hlutlæga og faglega umræðu sem nýst getur í stefnumótun um betri byggð í landinu.

Um 6. gr.

Með 5. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 9. gr. laganna.

Í a. lið ákvæðisins er lagt til að í stað orðsins atvinnuþróunarfélög komi landshlutasamtök sveitarfélaga. Farið hefur verið ítarlega í þetta í almennum athugasemdum við frumvarp þetta og þarfnast þetta ekki frekari skýringa hér.

Í b. lið ákvæðisins er lagt til að í stað 2. mgr. komi ný málsgrein um sama efni en endurorðuð á þá leið að hún er tengd betur við stefnu Alþingis í byggðamálum.

Í c. lið ákvæðisins er lagt til að á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein sem verði 3. mgr. þar sem lögð er sú skylda á Byggðastofnun að eiga samstarf við aðila sem sinna atvinnuráðgjöf að bæta skipulag atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni, auka þekkingu hennar, með það að markmiði að efla og styðja atvinnulíf og nýsköpum í byggðum landsins. Þetta á að stuðla að árangursrikari og skilvirkari atvinnuráðgjöf og stuðningi á grunni svæðisbundinna styrkleika og stuðla að betri nýtingu fjármuna svo sem fram kemur í málsgreininni.

Í d. lið er lagt til að fyrirsögn ákvæðisins verði Atvinnu- og byggðaðróun en það er mat ráðuneytisins að það heiti sé víðtækara en hugtakið atvinnuráðgjöf.

Um 7. gr.

Með 6. gr. er lagt til að orðið atvinnuþróunarfélögum í 10. gr. verði skipt út í stað orðanna landshlutasamtök sveitarfélaga í réttari beygingarmynd. Um þetta hefur verið fjallað í almennum athugasemdum og þarfnast ekki frekari skýringar hér.

Um 8. gr.

Í 7. gr. er lagt til að 4. mgr. 11. gr. laganna falli brott. Um er að ræða verkefni sem eðlilegt er að heyri undir forstjóra Byggðastofnunar og á ábyrgð hans.

Um 9. gr.

Með 8. gr. er lagt til að komi ný 18. gr. í lögina. Um er að ræða nýtt þagnaskylduákvæði og persónuverndarákvæði. Engin breyting er á þagnaskyldu starfsmanna en þó er kveðið á um þá nýjung að þagnaskylda gildi einnig um þá sem sinna verkefnum fyrir stofnunina en eru ekki starfsmenn hennar.

Ekkert persónuverndarákvæði er í gildandi lögum um Byggðastofnun og er því lagt til að hér verði bætt úr. Ákvæðið miðar að því að heimila stofnuninni vinnslu persónuupplýsinga til að sinna lögbundnu hlutverki sínu og tryggja örugga miðlun þeirra og vistun gagna. Ákvæðið gildir einnig þegar stofnunin sinnir verkefnum vegna pósthjónustu. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 10. gr.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða falli niður. Ákvæðið er barn síns tíma og þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Verði frumvarpið að lögum er lagt til að það taki þegar gildi.